

Ásta Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur

Fjölskyldan

Ásta Jónsdóttir býr í öryggisíbúð í fallegu fjölbýlishúsi á vegum Eirar í Fróðengi í Reykjavík með manni sínum Jóhanni Þ. Sigurbergssyni sem var myndasmiður hjá Landmælingum Íslands. Jóhann tók flestar myndirnar sem birtast hér í greininni. Þau hjónin taka núna mikinn þátt í starfsemi Korpúlfa í Gafarvoginum. Þau eru bæði tvö mikið handverksfólk og fellur sjaldan verk úr hendi og þeirra eigin listaverk fegra hlýlegt heimili þeirra. Fósturdóttir þeirra hjóna er Halldóra María Steingrímsdóttir f. 30. maí 1966.



Jóhann Þór Sigurbergsson eiginmaður Ástu. Mynd tekin á árshátíð Vinnu- og dvalarheimilis Sjálfsbjargar árið 1989.

Fyrri húsnæði þeirra í Reykjavík var kannske orðið heldur of stórt en það sem gerði útslagið var að útitröppurnar sem voru upp á aðra hæð hússins. Þau voru orðin verulega þreytt á snjómokstrinum og hálkunni í tröppum yfir vetrartímann og ákváðu að flytja í þjónustuíbúð úr því þau væru að flytja á annað borð.

Það eru svo margir sem flytja alltof seint í þjónustuíbúðir, fyrst flytur fólk kannske í minni íbúð þegar börnin eru farin að heiman, síðan er flutt í þjónustuíbúð þegar þjónustunnar verður þörf en það getur tekið tímann sinn að fá slíka íbúð. Að lokum eru það síðan margir sem þurfa á hjúkrunarheimilisvist að halda síðustu árin og þar getur biðin líka orðið ansi löng. Þannig að fólk flytur oft á tiltölulega stuttum tíma og er að bíða eftir hinni eða þessari lausn í stað þess að koma sér sem fyrst í þjónustuíbúð. Búferlaflutningar eru alltaf erfiðir og fara hreint ekki vel með fólk, segir Ásta. Það er mikill kostur að vera í

þjónustuíbúð þó ekki væri nema það að þurfa ekki lengur að elda mat daglega heldur bregða sér bara í mat hér í mötuneytinu.

Hermenn í túnfætinum

Ég er Kjalnesingur alin upp á Mógilsá en þar var þá tvíbýli. Foreldrar mínir voru Björg Gunnlaugsdóttir f. 12. janúar 1904 - d. 16. ágúst 2002 og Jón Erlendsson f. 12. maí 1900 - d. 7. maí 2000. Við vorum tvö systkinin. Bróðir minn Agnar Jónsson fæddur árið 1926 en hann lést í byrjun árs 2006. Hann fór í Menntaskólann í Reykjavík en fór ekki í neitt framhaldsnám, var strax kominn með kærustu og fjölskyldu eins og gengur. Það voru sko engin námslán á þeim tíma. Hann vann m.a. lengi hjá Vegagerðinni og Jarðborunum ríkisins. Við gengum bæði í Klébergsskóla en þá var skólaskylda frá tíu ára aldri til fjórtan ára aldurs. Bróðir minn fór alltaf með mjólkurbílnum í skólann og gekk síðan heim eftir skóla. Það var enginn spurning að hann gengi þetta daglega, þó var þetta var klukkustundar gangur, minnst.

En þegar ég byrjaði í skólanum voru breyttir tímar. Seinni heimsstyrjöldin var skollin á og Ísland var hernumið land. Á Kjalarnesinu voru því hermenn og braggar út um allt. Það var alls ekki talið óhætt vegna hermanna að láta mig ganga alla leið heim eftir skóla kannske að einhverju leyti vegna þess að ég var stelpa. Veit það ekki alveg. Af þessu má hins vegar sjá að fólk var raunverulega hrætt við hermennina og þeim andblæ sem þeim fylgdi. Þannig að ég varð að vera í heimavist í Klébergsskóla öll þessi fjögur ár sem skyldan var, en fór auðvitað alltaf heim um helgar. Heimavistin var á annarri hæð í skólanum. Þeir sem áttu heima nærri skólanum voru ekki í heimavist. Það var ein skólastofa fyrir allan hópinn sem var skipt í tvær deildir, eldri og yngri deild. Þegar eldri deildin var í stífri kennslu í t.d. reikningi þá fengu þau sem yngri voru að teikna, lesa eða vinna í vinnubók og svo öfugt. Þetta voru kannske svona eins og tuttugu börn samtals í báðum deildum, aldrei mikið fleiri.

Þau eru stíf rokin á Kjalarnesinu

Fólk bar ekki einungis vissan beyg í brjósti gagnvart hermönnum heldur gerði vera hersins talsvert mikinn usla í sveitinni á ýmsan hátt má þar nefna sjálftöku hersins á jarðnæði bænda undir sín tjöld og ýmsan búnað sem fylgir hernaði. Þannig var að hermennirnir komu sér fyrir utan við Mógilsá, neðan við veg og tóku undir sig túnblettina fyrir sig svo bændur gátu ekki nýtt sér þessa mjög svo grasmiklu og gjöfulu túnbletti. Svo áttu þeir það raunar til að vaða inn á tún sem bændur voru ekki hrifnir af en gátu ekki sagt neitt. Aldrei vissi ég svo sem af því að þeir hefðu gert nokkrum manni mein þarna heima þó ýmsar sögur,

ekki beint fallegar margar hverjar, bærust frá höfuðborginni. Það þótti því best að hafa varann á.

Á Kjalarnesi getur gert stíf rok einkum þegar hann er á norðan. Hermennirnir komu að vori. Svo er það strax um haustið 1941 að hann skellur á með því líku norðanroki og fimbulkulda að hermennirnir fluttu sig burt af Kjalarnesinu með allt sitt hafurtask. Bændur og búalið var heldur fegið. Ég man aldrei til þess að hann afi minn hafi nokkru sinni blessað norðanrokið en hann gerði það í þetta sinn. Það voru víst engin fordæmi fyrir slíkri blessan í sveitinni.

Ekki þó stelpan!

Ég skil það ekki enn þann dag í dag hvernig pabbi og mamma fóru að því að kosta okkur systkinin í skóla suður til Reykjavíkur en þau lögðu mikið upp úr því að við systkinin menntuðum okkur. Ekki voru nú allir í sveitinni á því að það væri nein nauðsyn. Ég heyrði bónda í sveitinni spyrja pabba að því hvers vegna hann væri að eyða aurum í að senda okkur í skóla. Pabbi svaraði eitthvað á þann veg að þau yrðu jú að læra eitthvað þá sagði bóndi: Ekki þó stelpan! Ég gleymi þessu ekki en fannst það bara skrítið þá. Bróðir minn fór í Menntaskólann í Reykjavík en ég í Kvennaskólann. Við vorum hjá vinafólki eða frændfólki á veturna. Ég hef ekki minnstu hugmynd um hvernig foreldrar mínir sömdu peningalega um það allt saman. Ég var í Kvennaskólanum í stjórnartíð fröken Ragnheiðar Jónsdóttur og þar var aginn og vinnusemin í heiðri höfð og mikið lagt uppúr að siða okkur til á alla lund. Þetta var sannarlega góður skóli á mælikvarða þess tíma og kennararnir hver öðrum betri. Ég lauk gagnfræðaskólaprófi frá skólanum árið 1948 þá átján ára gömul en ég er fædd 20. ágúst árið 1930.

Meðan ég var í Kvennaskólanum fór ég heim að Mógilsá á sumrin og aðstoðaði við búverkin. En eftir Kvennaskólann vann ég nokkuð víða t.d. á skrifstofu hjá heildsala um tíma og í Bernhöftsbakaríi. Ég hafði kannske svona í huganum gert ráð fyrir að ég myndi vinna á skrifstofu einhvers staðar. Samt var ég ekki alveg ánægð með þetta fyrirkomulag í framtíðinni og fór að íhuga að ég þyrfti að ná mér í einhverja starfsmenntun. Ég gæti ekki lengur verið svona heima á Mógilsá að sumrinu til og unnið í bænum að vetrinum til heldur þyrfti ég fast starf allan ársins hring.

Ekki margir kostir í stöðunni

Það voru kannske ekki margir kostir í stöðunni fyrir mig einkum vegna þess að ég var ekki með stúdentspróf. Kostirnir voru t.d. ljósmæðranám, hjúkrunarkvennanám, kennararanám eða einhvers konar verslunar- og

skrifstofunám. Nám í Húsmæðraskólanum og e.t.v. vist í heimahúsum kom alls ekki til greina af minni hálfu. Ég var og er ekkert spennt fyrir húshaldi. Af einhverjum ástæðum fór það svo að hjúkrunarnámið varð ofan á. Kanske hefur það sáð einhverjum fræjum að í Kvennaskólanum var hluti af náminu hjúkrun í heimahúsum sem Sigríður Eiríksdóttir hjúkrunarkona kenndi, móðir Vigdísar Finnbogadóttur forseta. Hún var einstaklega góður kennari. Það var ekki fyrr en seinna að ég gerði mér grein fyrir að það hefði getað haft áhrif á mig. Ég hafði ekki nema einu sinni komið inn á spítala þegar ég ákvað þetta en hálskirtlarnir voru teknir úr mér á Landakostspítala þegar ég var tíu ára gömul.

Þá var maður sko milljónamæringur!

Ég hóf nám við Hjúkrunarkvennaskólann við Landspítalann haustið 1953 og útskrifast þaðan árið 1956. Við bjuggum allar á heimavistinni sem var uppi á háalofti Landspítalans. Við vorum tvær til þrjár saman á herbergi sem var oft á tíðum erfitt þar sem við gengum vaktir og trufluðum þannig hvor aðra og stundum minna sofið en skyldi. Þar voru skýrar reglur t.d. þurfti maður að vera komin heim 11:30, ef maður hafði fengið útileyfi. Það var rétt hægt að komast í bíó ef stutt var að fara. Ef maður kom seinna en það þurfti maður að skrá það í bókina góðu sem beið manns þegar á vistina var komið. Sá tími var svo dreginn frá í næsta leyfi. Það var mikil bót þegar nýja heimavistin kom til, reglurnar voru að vísu þær sömu, en allar á eins manns herbergi. Það var mér ekkert nýtt að hlíta ákveðnum reglum, nýútskrifuð úr Kvennaskólanum og þar áður dvölin á heimavistinni í Klébergsskóla.

Við fengum frítt fæði og húsnæði og vinnufötin okkar voru þvegin á Landspítalanum. Við vorum með smávegis laun eða kannske ætti ég að segja vasapeninga. Fyrsta árið var það 180 kr. á mánuði, dugði svona nokkurn veginn fyrir einum skóm, síðan 250 kr. annað árið og 450 kr. þriðja árið og þá var maður sko milljónamæringur!

Meiri hluti kennslunnar fór fram á Landspítalanum, bæði bóklega námið og það verklega. Hins vegar fórum við í starfsnám í nágrenni borgarinnar eins og t.d. á Vífilsstaði og Klepp. Þegar leið á námið var einnig farið á stærstu spítalana úti á landi svo sem í Vestmanneyjum, á Akureyri og Ísafirði. Það þótti flottast að komast á spítalann Ísafirði því þar var öllum borgað 3ja árs kaup! Alltaf rausnarlegir fyrir vestan! Ég útskrifast í október árið 1956 og byrja þá í níu mánaða sérnámi í skurðstofuhjúkrunum á skurðstofu á Landspítalanum. Vann svo á skurðstofunni þar til um haustið 1958.

Út í heim

Á þessum árum fóru allir sem það gátu eitthvað út í heim til að sjá og upplifa veröldina. Það þurfti að vísu dálitla áræðni og fé til þess að slíkt gæti orðið að veruleika. Þetta gat fólk gert sem ekki var búið að binda sig. Ég var svo heppin að í Hjúkrunarkvinnafélaginu var viss stuðningur eða öllu heldur sambönd fyrir hendi til að fá vinnu erlendis og á það stökk ég. Til að gera langa sögu stutta má segja að ég hafi verið erlendis og starfað lengst af sem skurðhjúkrunarkona þar frá árinu 1958 til ársins 1965. Ég vann hjá Akademiska sjúkhuset í Uppsölum, St. Görans sjukhus i Stokkholmi, Centrallasarettet í Eskilstuna og Ullevål sykehuset i Osló.

Árið 1965 fór ég að vinna á Borgarspítalanum og endaði þar sem deildarhjúkrunarfræðingur á hjartadeild. Það var gott að hafa haft tækifæri til að vinna erlendis upp á framhaldið og sjálfstraustið. Það þarf góðan skammt af því fyrir hjúkrunarfræðinga.

Sjálfsbjargarheimilið

Þá er það að Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar er opnað og auglýst eftir hjúkrunarfræðingum og ég sækir um starf þar. Ég gerði mér vonir um að þar væri hraðinn og vinnuálagið minna en á Borgarspítalanum og það reyndist svo vera. Þetta var allt öðru vísi vinnustaður. Sigríður Stephensen var þá þegar ráðin sem hjúkrunarforstjóri á Sjálfsbjargarheimilinu og það eitt með öðru gerði það að verkum að ég sóttist eftir starfi hjá Sjálfsbjörg. Ég þekkti Sigríði vel og störf hennar af Landspítalanum og kveið því svo sannarlega ekki að vinna með henni. Ég kynntist starfseminni í Sjálfsbjörg snemma í gegnum í fjölskyldubönd þar sem maðurinn minn var tengdur Eiríki Einarssyni sem var einn af frumkvöðlum í Sjálfsbjörg. Mér fannst þegar farið var að draga úr mönnun á Borgarspítalanum og álagið samfara því mikið meira á starfsfólkið þá fór maður að hugsa sér til hreyfings. Fyrir mér var það einfaldlega þannig að mér fannst ég ekki gera eins vel og ég vildi gera og það er ekki gott hvar svo sem maður starfar. Ég vildi bara hafa það mikla mönnun að ég gæti sinnt sjúklingunum eins mikið og þeir þörfuðust.



Nánir samstarfsmenn. Sigríður Stephensen hjúkrunarforstjóri 1973-1988 og Ásta Jónsdóttir á góðri stundu, árshátíð Vinnu- og dvalarheimilis Sjálfsbjargar árið 1989.

Það var góður dagur

Ég hóf störf hjá Sjálfsbjörg nákvæmlega kl. 8:00 árdegis 1. júní árið 1973. Það var góður dagur.

Á heimilinu voru þrjár hæðir með heimilismönnum, 15 fremur lítil herbergi á hverri hæð og handlaug á herbergjum en salerni og bað fram á gangi. Það hafa orðið gjörbreytingar frá því ég hætti störfum; herbergi sameinuð og salerni, bað á hverju herbergi. Það breyttist margt á þeim tíma sem ég vann á heimilinu bæða hvað varðar aðstöðu og tækni við hjúkrun og alls kyns tækniframfarir sem komu heimilismönnum og starfsmönnum til góða. Það var til dæmis mikill munur á þeim hjólastólum sem þá voru notaðir og þeim sem nú standa til boða. Þá má nefna að lyftarar voru almennt ekki komnir á sjúkrahúsin til að lyfta sjúklingum t.d. úr rúmi yfir í stól eða þá ofaní bað. En á Sjálfsbjargarheimilinu voru lyftarar á hverri hæð. Auðvitað hafði verið reynt til hins ýtrasta að hanna húsið og alla aðstöðu sem þægilegasta fyrir fatlaða. Ég get ekki stillt mig um að geta um mikið starf Ólafar Ríkarðsdóttur hvað það varðar. Hún var vakin og sofin í starfi sínu fyrir heimilið.

Á þeim tíma var hjúkrunarfræðingur á hverri hæð, ásamt með sjúkraliðum og öðru starfsfólki. Hjúkrunarfræðingar voru á dagvakt frá klukkan átta til fjögur. Eftir það var einn hjúkrunarfræðingur á útkallsvakt til næsta morguns. Það komu

læknar á heimilið fast einn dag í viku. Það var alltaf einn læknir á vakt og ef okkur fannst þurfa aðstoð frá þeim var gengið frá málum símleiðis eða þá þeir komu á staðinn ef þurfa þótti. Með mér störfuðu læknarnir Páll Sigurðsson, Örn Bjarnason og Stefán B. Matthíasson. Allir miklir ágætismenn og gott að vinna með þeim öllum annað er ekki hægt að segja.



Nánir samstarfsmenn á Sjálfsbjargarheimilinu allt frá upphafi, Þórdís Davíðsdóttir sjúkraliði og Ásta Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Einstök samvinna frá upphafi

Það var nokkuð til sem hét húsráð og þar var Theodór A. Jónsson forstöðumaður, tveir fulltrúar landssambands Sjálfsbjargar, tveir fulltrúar heimilisfólks og hjúkrunarforstjóri, einn fulltrúi hjúkrunarfræðinga, fulltrúi sjúkraliða og einn fulltrúi eldhúss og einn fulltrúi almennra starfsmanna. Ég gæti trúað að svona fyrirkomulag hafi hvergi verið annars staðar. Húsráð breyttist síðan í stjórn. Fyrsti formaður húsráðs var heimilismaður og hét Guðríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur. Það var liðagikt sem setti hana í hjólastól.

Það var oft nokkur stéttarrígur meðal heilbrigðistétta en það hefur aldei verið á Sjálfsbjargarheimilinu. Það var alltaf mikið jafnræði á milli fólks á staðnum. Sjálfsbjörg er jafnréttissinnaðasti vinnustaður sem ég hef unnið á. Stjórnun, verklag og samhugur fólks var og er hreint út sagt einstakur á heimilinu. Húsandinn er alveg einstakur og þetta er besti vinnustaður sem hef unnið á. Húsráðið finnst mér alltaf gott dæmi um hvernig þetta allt var strax í upphafi öðruvísi en víðast hvar.



Lykilstarfsmenn á Sjálfsbjargarheimilinu, Guðrún Erla Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ásta Jónsdóttir staðgengill hjúkrunarforstjóra.

Stofugangur á Kærleiksheimilinu

Árshátíð Sjálfsbjargar var haldin í matsalnum og allir voru saman, heimilismenn og starfsfólk. Hæðirnar skiptust á að sjá um skemmtiatriði. Eitt árið man ég að á minni hæð bjuggum við til leikrit sem hét Stofugangur á kærleiksheimilinu. Það var ekkert skrifað á blað. Þetta þótti alveg fádæma góð samsetning hjá okkur um lífið á deildinni og á heimilinu. Það var vissulega alltaf reynt að gera sér ýmislegt til gagns og gamans. Við reyndum að fara á ýmsar sýningar, héldum glæsilegar árshátíðir meðan þær voru enn í húsinu og eitt sinn fórum við að sjá Cirkus í Laugardalshöllinni.

Þá þótti sumum vegfarendum þetta kynlegur hópur sem gekk þarna meðfram Sundlaugarveginum með fimm hjólastóla í fararbroddi. Þá kom þessi líka stóri vörubíll akandi og og bílstjórinn var svo undrandi að hann sneri sig næstum úr hálsliðnum við að horfa á okkur og það sem verra var það munaði hársbreidd að hann æki út af! Þannig var það í þá daga og það er ekki svo langt síðan ef grannt er skoðað.



Leikritið „Stofugangur á kærleiksheimilinu“ sýnt á árshátíð Vinnu- og dvalarheimilis Sjálfsbjargar árið 1988. Ásta Jónsdóttir lengst til hægri í hlutverki Arnar Bjarnasonar yfirlæknis.

Sjálfsbjargarheimilið, fyrirmyndarstofnun

Ég er ekkert undrandi yfir því að Sjálfsbjargarheimilið hafi verið útnefnt sem fyrirmyndarstofnun af hálfu SFR –Stéttarfélags í almannabjónustu – fjórum sinnum, 2006, 2008, 2009 og 2013. Ég gladdist mjög þegar Sjálfsbjargarheimilið var síðan kjörin stofnun ársins árið 2014. Kosningin felur í sér m.a. eftirfarandi þætti; trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, vinnuskilyrði, ánægju í starfi, sjálfstæði í starfi og ímynd stofnunar. Allt þetta finnst mér að Sjálfsbjargarheimilið hafi haft til að bera frá upphafi.



Kveðjuhóf fyrir Ástu Jónsdóttur hjúkrunarfræðing er hún lét af störfum haustið 1996.

Hnéin sögðu "NEI"

Ég hóf störf hjá Sjálfsbjörg sumarið 1973 og vann þar allt þar til að ég hætti störfum haustið 1996. Ég hætti að vinna 66 ára gömul ekki það ég vildi hætta en hnén sögðu "Nei".

Ásdís Skúladóttir